

Morgunblaðið, 20.02.2025, síðu 56.
grein stærð: 992.67 sm2
grein hæð: 38.28 sm

Halda áfram að ryðja brautina

● Sýning á Kjarvalsstöðum beinir sjónum að frumkvæði kvenna ● Níundi áratugurinn í brennidepli ● Kraftmikið tímabil í íslenskri listasögu ● Stór hópur kvenna sem breikkaði brautina

VIÐTAL



María Margrét Jóhannsdóttir
mariamargret@mbl.is

Róttækni, samvinna og tengslanet kvenna er viðfangsefni sýningar sem ber heitið *Ólga: frumkvæði kvenna í íslenskri myndlist á 9. áratugnum* og opnuð verður á Kjarvalsstöðum á laugardag. Um er að ræða samsýningu átta kvenna en þetta er þriðja og síðasta sýningin í rannsóknarverkefni um konur í íslenskri myndlist hjá Listasafni Reykjavíkur. Sýningin er afrakstur árslangrar rannsóknarvinnu Becky Forsythe sem einnig er sýningarstjóri en áhersla var lögð á samtöl við listamenn og leit að óþekktum verkum sem endurspegla fjölbreyttan sköpunarhátt listakvenna. Listamenn sem eiga verk á sýningunni eru Ásta Ólafsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Erla Þórarinsdóttir, Gerla, Harpa Björnsdóttir, Margrét Jónsdóttir, Rúna Þorkelsdóttir, Rúrí og Svala Sigurleifsdóttir.



Becky Forsythe



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Ólga **Harpa Björnsdóttir og Erla Þórarinsdóttir eiga verk á sýningunni sem opnar á Kjarvalsstöðum á laugardag.**

Brú á milli kynslóða

„Ég horfi á þetta sem brú á milli kynslóðanna, hvernig konur taka við kyndli þeirra sem á undan komu og höfðu barist fyrir auknu frelsi og réttindum og bera hann áfram með sér inn í níunda áratuginn. Þannig halda þær áfram að ryðja brautina fyrir komandi kynslóðir en nú er nógu langt um liðið þannig að hægt er að rýna í þetta kraftmikla tímabil í íslensku listalífi. Þá má einnig greina sams konar áherslur á alþjóðavettvangi hvað varðar samtakamátt og samstarf listakvenna í listaheiminum á þessum tímapunkti í listasögunni. Mörg verkanna sem hér eru til sýnis marka ákveðin tímamót í listasögunni en ég legg samt mikla áherslu á að þessi sýning er aðeins eitt sjónarhorn og er lítill hluti af mun stærra samhengi enda fjölmargar konur sem tóku þátt í þessari hreyfingu. Þessi rannsókn markar því aðeins upphaf frekar en endi," segir Becky Forsythe.

Lítið verið skráð

Spurð hvað einkenni verk kvennanna á þessum árum nefnir Forsythe sjálfsmyndina og frjálsræði í efnisnotkun. „Konurnar eru mikið að fást við sjálfsmyndina og efnið. Þær eru að vissu leyti að endurhugsa íslensku sjálfsmyndina og tengsl líkama og umhverfis. Rannsóknin byggist að miklu leyti á samtölum við listakonurnar en það var meðvituð ákvörðun svo að hægt væri að gefa röddum þeirra rými og ná til eyrna almennings.

Þá kom það mér á óvart hvað lítið hafði verið skráð um þennan tíma. Lítið hafði ratað á söfn eða í arkív og mikið af verkunum var enn heima hjá listakonunum eða á vinnustofum þeirra og það var mjög persónulegt að fara heim til þeirra eða á vinnustofurnar. Sumar þeirra voru að rifja þessa tíma upp í fyrsta skipti."

Fjölguðu fyrirmyndum

Harpa Björnsdóttir er ein þeirra listakvenna sem eiga verk á sýningunni. Hún segir endurlit sem þetta nauðsynlegt.

„Ég er afar hrifin af því að Becky Forsythe valdi að beina sjónum sínum að þessu tímabili. Ég held að það hafi þurft utanaðkomandi manneskju með gestsaugun til þess að draga fram alla þá grósku sem var í gangi á þessum tímum en íslensk listasaga hefur til þessa ekki gert þessu nein skil. Á þessum árum stígur fram stór og öflugur hópur listakvenna, breiðfylking sem breikkaði brautina og fjölgaði fyrirmyndunum.

Þá má greina miklar þjóðfélagsbreytingar á þessum tímum í kjölfar áfanga á borð við kjör Vigdísar Finnbogadóttur til forseta Íslands, Kvennafrídagsins 1975, Kvennalistans og fleira. Þetta eru áfangar sem lyftu okkur upp og veittu okkur um leið þá trú að allt væri mögulegt. Það er gaman að horfa til baka og átta sig á því hvað það urðu miklar breytingar til góðs og að þær sem komu á eftir okkur hafi séð að það sé gerlegt að starfa sem myndlistarkona á Íslandi því það var ekki augljóst fyrir mína kynslóð á þessum tímum. Það leggur hver kynslóð sitt lóð á vogarskálarnar," segir Harpa.

List karla var meira metin

„Þetta er tími þar sem konur fara að skilgreina sig sjálfar. Áður voru þær skilgreindar út frá karlmönnum, voru dætur og eiginkonur, en í lok áttunda áratugarins til dæmis með tilkomu getnaðarvarna fara konur í auknum mæli að geta skilgreint sig sjálfar. Aðspurð segist Erla ekki hafa mætt mikilli mótstöðu sem kona í listum. „Alls ekki, maður gerir sitt en aftur á móti var list eftir karla bara meira metin og var viðmiðið. Það hefur tekið langan tíma að horfa á viðfang kvenna sem listrænt viðfang. Það hefur sem betur fer mikið breyst. Á sýningunni er einnig lögð áhersla á samstarf kvenna en þetta var allt gert með „do it yourself"-aðferðinni og konur þurftu að hafa frumkvæði að öllu sýningarhaldi. Þá var líka mikið pönk á þessu tímabili og verkin sem ég sýni frá þessum tíma eru mjög hrá verk," segir Erla en sýningin á Kjarvalsstöðum stendur til 11. maí. Samhliða sýningunni kemur út bók sem fjallar um sögurnar á bak við listina og listumhverfi þessa tíma. Bókin inniheldur rannsóknargreinar Becky Forsythe og Heiðu Bjarkar Árnadóttur listfræðings, viðtöl við listakonur, myndir af listaverkum og heimildir sem bregða ljósi á tengslanetin.

BRYNHILDUR ÞORGEIRSDÓTTIR

„Ég var mikill pönkari"

Brynhildur Þorgeirsdóttir er ein þeirra listakvenna sem eiga verk á sýningunni *Ólgu*. Hún var við nám í Bandaríkjunum en náði þó að taka þátt í listasenunni á níunda áratugnum að einhverju leyti og segir það hafa verið magnaðan tíma. Verk Brynhildar á sýningunni einkennast af pönki og efnisvali eins og hrosshárum og beittu gleri.

„Ég var mikið erlendis á þessum árum en næ að vera á Íslandi í tvö ár á því tímabili sem sýningin tekur til. Þetta var ótrúlegur tími og þú gast gert allt. Það voru engir peningar en maður græjaði þetta bara. Maður var á kafi í svo mörgu að maður hafði varla tíma til þess að búa til myndlist. Þegar ég var farin að leika frosk sem breyttist í prinsessu þá fann ég að þarna væri kominn tími til þess að yfirgefa landið," segir Brynhildur og hlær. „Mitt „all women"-frumkvæði var þegar við fjórar myndlistarkonur stofnuðum hljómsveit sem kallaðist Spottarnir og hituðum upp fyrir Bubba Morthens á Borginni árið 1983. Þetta var fimm mínútna tónlistargjörningur undir lestri ástarljóða eftir Skáld-Rósu og Látra-Björgu en hljómsveitina skipuðu Elín Magnúsdóttir sem söng, Guðrún Tryggvadóttir á trommum, Hulda Hákon á harmonikku og ég með svipu íklædd þýskum hermannabúningi. Það fyndna var að við fengum gagnrýni frá tónlistargagnrýnanda sem okkur fannst frábært," segir hún.



Beitt **Brynhildur á níunda áratugnum. Hún notar oddhvöss form.**

„Ég var mikill pönkari og alltaf með puttann á lofti. Ég hef verið spurð hvort ég hafi fundið fyrir því að það aftraði mér að vera kona en ég hef aldrei fundið fyrir því. Þetta hefur aldrei vafist fyrir mér og geri það sem þarf að gera. Ef einhver gaur er að vesenast fyrir mér þá bara græja ég það. En ég er femínisti og tók þátt í öllum kvennasýningum sem voru mjög nauðsynlegar á þeim tíma. Þær sýndu að konur voru ekkert síðri en karlarnir en það þarf alltaf að æpa til að láta heyra í sér. Það tókst þó að þetta sé ekki alveg komið."